

Interior Easy Finish 40

Vörulýsing

Akrýlenamel með fyllingu, hlaupkenndri og ýringarlausri áferð sem tryggir góða þykkt lagsins og góða þekju og lágmarkar að málningin renni til. Mælt með fyrir efnivið sem þarf að þola fagurfræðilega og miðlungs hagnýtar kröfur.

- Auðvelt og fljótlegt að nota.
- Ríkt yfirborð
- Hálfgljáandi yfirborð



Merkingar



Notkunarmöguleikar

Fyrir hurðar, dyrakarma, þiljur, lista og sóplista, sem og ryðvarið járn og málm innanhúss.

Undirlag

Verður að vera hreint, þurrt, þétt og henta til yfirborðsmeðhöndlunar.

Meðhöndlun

Efni sem loðir laust við og umframmálning eru fjarlægð með pússun og hreinsun.

Óhreinindi, bletti, fitu og smitandi efni skal fjarlægja með Fluren 37.

Vatnsleysanlega mislitun, nikótínbletti og sót skal þrífa af með Fluren 49 og meðhöndla með Iso Primer.

Hart, gljáandi undirlag er slípað matt og grunnmálað eftir þörfum með Fix Primer.

Sprungur, ójöfnur og göt þarf að spartla.

Nýjan eða óvarinn, strípaðan við skal grunnmála með Stop Primer.

Berið 1–2 umferðir á. Sumir litatónar krefjast fleiri umferða.

Notkun

Borið á með pensli, rúllu eða sprautu

Val á verkfærum ætti að ráðast af kröfum um endanlegt útlit

Notið „blautt á blautt“-aðferð við málunina og stríukið penslinum ævinlega í sömu átt

Notið alltaf efni með sama lotunúmeri fyrir samliggjandi eða órofna yfirborðsleti

Endanleg útkoma getur verið lítillega mismunandi, eftir gerð og byggingu yfirborðsefna

Kuldi eða hiti getur haft áhrif á seigju efnisins

Hitastig efnis þegar því er sprautað á verður að vera minnst 12 °C

Rakauppsöfnun má ekki eiga sér stað á meðan efnið þornar/harðnar

Kuldi og aukinn loftraki lengir þornunartímann, herðingartímann og tímann sem líður milli umferða

Hærri loftthiti og lítill loftraki stytta þornunartímann og herðingartímann

Gerið ævinlega prufu til að kanna viðloðun og endanlegt útlit

Væntanleg útkoma

Hálfgljáandi yfirborð.

Góð viðloðun og rík áferð.

Þolir venjulega sótthreinsun og þrif með alhliða þvottaefni, mjúkum bursta, vatni og klút.

Sterkir og sérstaklega dökkir tónar eru viðkvæmari en ljósari litir þegar kemur að slitþoli.

Sterkir litir kunna að smita út frá sér.

Kemur ekki í veg fyrir skemmdir vegna kvista, vatnsleysanlegra litarefna, vatnsblettu og nikótínblettu.

Forðist álag á yfirborðið þar til málningin er fullkomlega þurr.

Umhverfisupplýsingar

Fjarlægðu eins mikið af málningu og mögulegt er af verkfærum fyrir hreinsun.

Hellið ekki leifum af fljótandi málningu í niðurföll heldur farið með leifarnar á næstu endurvinnslustöð.

Lágmarkið leifar og sorp eftir málun með því að reikna út nauðsynlegt magn áður en verkið hefst.

Geymið umframmálningu með réttum hætti til að hægt sé að nota leifar síðar og lágmarka þannig umhverfisáhrif.

Geymsla: Geymist vel lokað á svölum og frostlausum stað

Viðbótar upplýsingar

Skráð í gagnagrunn fyrir vistvænar byggingarvörur á Norðurlöndunum (Nordic Ecolabelling Building Products Database), sem er skrá yfir vörur sem er heimilt að nota við Svansmerkt byggingarverkefni.

Tæknilegar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Vara | Akrýllakk |
| Gljái | 40;Hálf-gljáa |
| Eðlisþyngd (kg/l) | 1.28 |
| Þurrefnisinnihald vigt % | 53 |
| Þurrefnisinnihald rúmmál % | 39 |
| Efnisnotkun (m ² /ltr.) | 8 |
| Lágm. vinnuhitastig við notkun og þornun/hörðun | Min. +10°C |
| Loftraki | Hám. loftraki 80% RH. |
| Þurrktími við 20°C, 60% RH (Timar) | 1 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 6 |
| Fullharðnað Þurrktími við 20°C, 60% RF | 28 |
| Heildarlosun samkv. ISO 16000-9:2011: (< µg/m ² h eftir 28 daga) | 17 |
| Þvottheldni í samræmi við EN-13300/ISO-11998 | Class 1 |
| þynning | Með vatni, þarf yfirleitt ekki að þynna |
| Þrif á verkfærum o.s.frv. | Vatn |

Núverandi TDS útgáfa

mars 2024

Í staðinn fyrir TDS útgáfu

október 2023

